



## PAPPI OG PAPPÍR

Tunna fyrir papp

Í tunnu fyrir pappír og papp má setja pappír, bylgjupappa, fernur, sléttan papp, dagblöð og tímarit. Til að hægt sé að endurvinnna umbúðir/hráefni þarf það að vera hreint. Það er því mikilvægt að tæma og hreinsa matarleifar úr umbúðunum, annars eiga þær heima með almennu sorpi.

Dæmi um það sem má fara í pappatunnuna:

- Dagblöð
- Tímarit
- Skrifstofupappír
- Umbúðir úr papp
- Bækur án harðkápu
- Minnismiðar
- Kassar með bylgjaðar brúnir
- Pappahólkar
- Eggjabakkar
- Umslög
- Fernur
- Pizzakassar (án matarleifa og olíu)



### Það sem ekki má fara í pappatunnuna

- Óhreinar umbúðir
- Handþurrkur
- Servíettur/munnþurrkur
- Bökunarpappír
- Pakkabönd
- Möppur
- Bókakápur

Mjólkurfernur og djúffernur eru endurvinnanlegar þar sem til er aðskilinn endurvinnsluferill fyrir þær. Ekki þarf að rífa plasttappa eða álfilmur frá.

Ef pizzakassar eru mikið óhreinir er best að aðskilja óhreina og hreina hlutann og setja hreina hlutann í papp.

## GRENNARSTÖÐVAR - MÁLMUR, GLER OG TEXTÍLL



Mikilvægt er að allar málmumbúðir séu lausar við matarleifar. Öðrum málmhlutum skal skila á gámasvæði.

- Niðursuðudósir
- Málmappar
- Álpappír
- Sprittkertakoppar
- Málmlok

### Það sem ekki má fara í málmgáminn

- Óhreinar umbúðir
- Samsettar umbúðir
- Skítugur álpappír

Mikilvægt er að skola glerumbúðirnar og taka lok og tappa af. Pappírsmiðar mega vera á ef erfitt er að ná þeim af.

- Sultukrúkkur
- Kryddílát úr gleri
- Olíuflöskur
- Krúkkur úr gleri

### Það sem ekki má fara í glergáminn

- Óhreinar umbúðir
- Eldföst mót
- Postulín
- Sjónvörp
- Rúðugler og brotið gler
- Speglar
- Ljósaperur
- Kristall

Mikilvægt er að textíl sé skilað í lokuðum plastpokum. Ekki nota bréfpoka, taupoka eða töskur. Skór skulu reimaðir saman ef hægt er.

- Fatnaður
- Dúkar og gardínur
- Lök og handklæði
- Tuskur og viskastykki

# NÝTT FLOKKUNARKERFI

Samkvæmt nýju flokkunarkerfi verður fjórum úrgangsflokkum safnað við hvert heimili.

Ruslatunnurnar verða merktar með samræmdum merkingum sem munu gilda fyrir alla flokkun á Íslandi. Allar tunnurnar fá því nýjar límmiða merkingar.

Flokkað verður í eftirfarandi flokka:

- Matarleifar
- Pappír og pappi
- Plastumbúðir
- Blandaður úrgangur

Almennt er gert ráð fyrir að við hvert heimili verður ein tunna fyrir plastumbúðir, ein fyrir pappír og papp og tvískipt tunna fyrir almennt sorp og matarleifar.



Íbúar geta óskað eftir fleiri tunnum og þá greitt aukinn kostnað. Íbúar fjölbýlishúsa geta sparað sorphirðugjöld með því að sameinast um tunnur.



## MATARLEIFAR

Tvískipta tunnan

Matarleifar falla til í eldhúsum heimila og fyrirtækja. Eingöngu má nota jarðgeranlega poka fyrir þennan úrgangsflokk.

Dæmi um matarleifar sem nota má í moltugerð:

- Eldaðir kjötafgangar
- Eldaðir fiskiafgangar
- Eggjaskurn
- Tepokar
- Ávextir og grænmeti
- Pasta og kartöflur
- Eldhúspappír
- Brauð
- Hrísgrjón ofl. kornmeti
- Tannstönglar
- Afskorin blóm
- Kaffikorgur og kaffifilter

### Það sem ekki má fara í lífrænu tunnuna

- Plast
- Bleyjur
- Sláturúrgangur
- Dýrasaur
- Ryksugupokar
- Eyrnappinnar
- Bómullarhnoðrar
- Kattasandur

Bein- og kjötafgangar sem geta innihaldið heila- eða mænuvef úr sauðfé eða nautgripum eiga að fara með almennu sorpi. Það sama gildir um stór bein, t.d. af lambalæri.

Söfnun á matarleifum eða lífrænum úrgangi er mikilvæg til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Úr lífrænum úrgangi sem safnast við heimili er framleitt metangas og molta eða jarðvegsbætir. Metangas nýtist meðal annars sem bifreiðaeldsneyti og molta nýtist til landgræðslu.



## PLASTUMBÚÐIR

Tunna fyrir plast

Til að hægt sé að endurvinna plast þarf það að vera hreint. Það er því mikilvægt að tæma og hreinsa matar- og efnaleifar úr umbúðum, annars eiga þær heima með blönduðum úrgangi.

Dæmi um það sem má fara í tunnu fyrir plast:


- Plastbakkar
- Plastpokar
- Plastglós
- Plastlok
- Plastbrúsar
- Plasttappar
- Áleggssbréf
- Skvísur
- Snakkpokar
- Plastdiskar
- Plastbakkar með loki

### Það sem ekki má fara í plasttunnuna

- Óhreinir umbúðir
- Leikföng með rafhlöðum
- Raftæki
- Geisladiskar og DVD
- Tannburstar
- Plastmöppur
- Lyfjaspjöld
- Umbúðir undan spilliefnum

Meginreglan til að þekkja í sundur ál og plast er sú að plast sléttir aftur úr sér eftir að það er krumpað, ál helst hins vegar krumpað.

Með því að flokka pappa og plast í sitt hvora tunnuna, næst betri flokkun og líkur á endurvinnslu aukast enn með einni tunnu þar sem flokkarnir blandast saman.



## BLANDAÐUR ÚRGANGUR

Tvískipta tunnan

Í tunnu fyrir blandaðan úrgang fer allur óendurvinnanlegur úrgangur, óhreint hráefni eða hráefni samsett úr ólíkum efnum.

Dæmi um það sem henda ætti í almennu tunnuna:

- Handþurrkur
- Eyrnappinnar
- Einnota hanskar
- Óhreinir umbúðir
- Tyggjó
- Stór bein
- Bómullaskífur
- Bleyjur
- Tíðarvörur
- Bökunarpappír
- Ryksugupokar
- Snyrtivöruafgangar
- Kattasandur og dýrasaur

### Það sem ekki má fara í blandaðan úrgang

- Spilliefni
- Raftæki
- Rafhlöður

Þegar úrgangur er ekki flokkaður tapast oftast auðlindir sem gætu annars verið endurnýttar og tekjur sem gætu komið frá sölu endurunninna hráefna. Urðun blandaðs úrgangs er kostnaðarsöm og með því að flokka er því hægt að draga úr kostnaði vegna sorpfögunar.

Urðun og brennsla blandaðs úrgangs losar einnig efni í umhverfið í formi gastegunda eða efnamengunar.